

## Fréttatilkynning

### Yfirlýsing um beitingu varfærnisreglna vegna vanefnda, ívilnana og IFRS9-reikningsskilastaðalsins í ljósi COVID-19-aðgerða

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) styður ráðstafanir sem hafa verið gerðar og lagðar til af stjórnvöldum aðildarríkja og stofnunum Evrópusambandsins (ESB) í því skyni að bregðast við kerfislægum efnahagsáhrifum COVID-19-heimsfaraldursins, svo sem viðtækrar greiðslufrestunar, frestun greiðslna í kjölfar opinberra aðgerða eða frestun greiðslna í kjölfar greiðslufrestunaraðgerða lánastofnana er ná til heilla atvinnugreina (sem hér eftir kallast *greiðslufrestun fyrir tilstuðlan opinberra aðila eða einkaaðila*). Í þessu samhengi telur EBA nauðsynlegt að skýra nánar nokkra þætti varfærnisreglnanna í þeim tilgangi að veita bankastofnunum ESB leiðsögn um samræmda meðferð á eftirfarandi: (i) skilgreiningu/flokkun á vanefndalánun; (ii) flokkun ívilnana; og (iii) meðferð samkvæmt reikningsskilum.

### Almenn atriði varðandi reikningsskila- og lagarammann

Mikilvægt er að hafa í huga að aðalmarkmið meðferðar samkvæmt reikningsskilum, flokkunar ívilnana og skilgreiningar á vanefndalánun í varfærnisreglunum er að tryggja rétta færslu laskaðra eigna í efnahagsreikningum banka. Samræmi og samanburðarhæfni áhættumælikvarða er skilyrði fyrir því að bankar, eftirlitsaðilar og almenningur geti fylgst með áhrifum yfirstandandi áfalls. Á sama tíma er viðtækur skilningur á því að geta bankanna til að framkvæma ítarlegt mat geti verið takmarkaðri nú en ella og því sé þörf á tímabundnum sveigjanleika varðandi matsskilyrði. Í ljósi eðlis þessa áfalls, sem gæti haft áhrif á næstu misserum og einnig til langs tíma, skulu stofnanir nýta að fullu það svigrúm sem reikningsskila- og lagaramminn býður upp á, í þeim tilgangi að viðhalda fjárhagslegu heilbrigði og veita hagkerfinu nauðsynlegan stuðning á erfiðum tímum.

EBA lítur svo á að greiðslufrestun fyrir tilstuðlan opinberra aðila eða einkaaðila sem veitt er vegna COVID-19 þurfi ekki sjálfkrafa að flokkast sem ívilnun, svo sem vegna IFRS9 og vegna skilgreiningar á vanefnd, enda sé slíkri greiðslufrestun beitt þvert yfir breitt skilgreinda vöruflokka eða viðskiptavinahópa. Hins vegar er lánastofnunum áfram skylt að meta lánshæfi þeirra er njóta úrræðanna og greina hugsanlega greiðsluerfiðleika hjá lántakendum.

### Skilgreining á vanefnd samkvæmt varfærnisreglum

Skilgreining á vanefnd samkvæmt varfærnisreglum felur í sér nokkra mildandi þætti til að tryggja að flokkun undir vanefnd endurspegli raunverulegar aðstæður sem geri útlánatap líklegt.

- Samkvæmt viðmiðum um vanskil þarf ekki að flokka lán í vanefnd fyrr en vanskil hafa varað í 90 daga, sem gefur nægt svigrúm til endurskipulagningar lána þegar þörf krefur. Þetta er sérstaklega viðeigandi í ljósi greiðslufrestunaraðgerða sem nú er gripið til vegna COVID-19. Í viðmiðunarreglum EBA um skilgreiningu á vanefnd er þegar sérstaklega gert ráð fyrir því að lengja megi þennan frest þegar um almennar greiðslufrestunaraðgerðir er að ræða. Greiðslufrestun fyrir tilstilli opinberra aðila eða einkaaðila skal meðhöndluð á sambærilegan hátt að því marki að hún hafi sambærilegan tilgang og eiginleika. EBA mun á næstunni setja viðmið um eiginleika sem kalla á sambærilega meðferð.
- Hægt er að endurskipuleggja lán án þess að rýra fjárhagsstöðu lánveitanda (það er að núvirði fjárflæðis vegna láns sé óbreytt eftir endurskipulagningu). Í þessu tilfalli er engin þörf á því að flokka lánið sjálfvirkt undir vanefnd ef líklegt er að lántakandi muni standa í skilum á endurskipulögðu láni. Slíka endurskipulagningu skal ekki flokka sem nauðendurskipulagningu; þvert á móti hlýtur hún að teljast viðeigandi ráðstöfun til

stuðnings lántakendum sem tímabundið eru ófærir um að standa í skilum sökum COVID-19-faraldursins.

- Einungis vanskil sem teljast veruleg leiða til vanefndaflokkunar því krafa er gerð um að gjaldfallnar fjárhæðir séu fyrir ofan skilgreindan þröskuld. Þetta tryggir að einungis vanskil á háum greiðslum leiða til flokkunar undir vanefnd.

Í sambandi við almennar greiðslufrestunaraðgerðir (e. moratoria) eru mörg mikilvæg atriði sem hafa verður í huga þar sem aðgerðirnar munu hafa umtalsverð áhrif á flokkun lána. Má þar nefna eftirfarandi:

- Í tilfelli greiðslufrestunar fyrir tilstilli opinberra aðila eða einkaaðila sem heimila frestun eða seinkun á greiðslum hefur aðgerðin áhrif á svokölluð 90 daga viðmið, þar sem seinkanir reiknast samkvæmt breyttri greiðsluáætlun. Þótt stofnunum sé áfram skylt að meta lánshæfi hvers lántakanda fyrir sig vísar matið til breyttrar greiðsluáætlunar, en sé greiðsluhæfi óskert má lánið teljast áfram í skilum.
- EBA ætlast til þess að slíkt mat á lánshæfi hvers lántakanda fyrir sig sé ítarlegt og vandað og feli þar af leiðandi ekki í sér neina sjálfvirka flokkun. Þurfi stofnun að framkvæma mat vegna mikils fjölda lántakanda skal hún forgangsraða greiningunum m.v. eigin áhættumiðaða aðferð. Í upphaflegu mati skal leggja áherslu á áhættuskuldbindingar sem taldar eru líklegastar til að hafa haft veruleg áhrif. Ef þörf krefur má framkvæma slíkt upphafsmat fyrir hvert lánasafn fyrir sig. Strax að loknu greiðslufrestunartímabili skal stofnun fylgjast sérstaklega með áhættuskuldbindingum þar sem greiðslum seinkar samkvæmt breyttri greiðsluáætlun og tilgreina tímanlega sérhvert tilfelli þar sem möguleiki er á að greiðslum seinki. Auk þess skal framkvæma matið á samræmdum forsendum samkvæmt áreiðanlegum upplýsingum sem taka mið af öllum væntanlegum stuðningsaðgerðum sem hafa áhrif á lánshæfi viðskiptavinar.

## Flokkun ívilnana

Við núverandi aðstæður eiga aðgerðir sem lagðar eru til af stjórnvöldum og lánastofnunum sem viðbrögð við kerfislægum skaðlegum áhrifum COVID-19-heimsfaraldurs ekki að leiða sjálfkrafa til endurflokkunar samkvæmt skilgreiningu á ívilnun.

- EBA leggur áherslu á að boð um og samþykkt á lánskjörum samkvæmt víðtækri greiðslufrestun skuli ekki leiða sjálfkrafa til þess að lán sé endurflokkað sem „ívilnanaskuld í skilum“ eða „ívilnanaskuld í vanskilum“ samkvæmt skilgreiningu á ívilnun. Með öðrum orðum er engin þörf á sjálfvirkri endurflokkun þegar víðtæk úrræði eru boðin.
- Varðandi skýrslugjöf til eftirlitsaðila er ætlast til að þess að ívilnun samkvæmt skilgreiningu sé tilkynnt þegar lánastofnanir bjóða sértækar aðgerðir til að aðstoða tiltekinn lántakanda sem hefur lent í eða er líklegur til að lenda í tímabundnum greiðsluerfiðleikum. Mat á fjárhagserfiðleikum lántakanda og beiting á aðgerðum sem sérsniðnar eru að aðstæðum hans liggur til grundvallar skilgreiningu EBA á ívilnun.
- Greiðslufrestunaraðgerðum sem kynntar hafa verið vegna COVID-19 er ætlað að taka á kerfislegri áhættu og draga úr hugsanlegri áhættu sem gæti raungerst víðar í hagkerfi Evrópusambandsins í framtíðinni. Í þessum skilningi teljast aðgerðirnar ekki einstaklingsmiðaðar þótt þær geti byggst á breiðari vöruflokkum, þar sem lengd seinkunar á greiðslum er sú sama fyrir alla lántakendur, óháð fjárhagsaðstæðum hvers og eins.

## Atriði varðandi IFRS9

EBA hefur haft samvinnu við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina (e. European Securities and Markets Authority, ESMA) sem birti yfirlýsingu um reikningsskil í ljósi COVID-19-aðgerða þann 25. mars 2020. Yfirlýsingarnar tvær eru samræmdar og skulu lesnar saman hvað varðar atriði í sambandi við IFRS9.

IFRS9 byggir á grunnreglum sem eru ekki í eðli sínu vélrænar og gera kröfur um að sérfræðimati sé beitt að einhverju marki. Mat á verulegri aukningu á útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu skal framkvæmt með því að varpa ljósi á meiri háttar breytingar yfir allan væntan líftíma áhættuskuldbindingarinnar.

- IFRS9 býður upp á vissan sveigjanleika þar sem hann tilgreinir ekki hvað telst til verulegrar aukningar á útlánaáhættu. Þess í stað kallar hann á mat sem framkvæmt er á grundvelli meginaglegra og eiginaglegra þátta. Í þessu samhengi er ekki hægt að styðjast við strangt sjálfvirkt ferli. Mat stofnunar á því hvort útlánaáhætta hafi aukist verulega frá upphaflegri skráningu er framkvæmt með því að meta meiriháttar breytingar yfir allan væntan líftíma áhættuskuldbindingarinnar. EBA lítur svo á að beiting á greiðslufrestun fyrir tilstilli opinberra aðila eða einkaaðila sem ætlað er að draga úr neikvæðum kerfislægum efnahagsáhrifum COVID-19 eigi ekki ein og sér að teljast ástæða til að álykta að útlánaáhætta hafi aukist verulega frá upphaflegri skráningu.
- Í IFRS9 er gerð krafa um að tillit sé tekið til allra viðeigandi og rökstyðjanlegra upplýsinga sem fáanlegar eru án ótilhlýðilegs kostnaðar (þ.m.t. framsýnna upplýsinga) sem gætu breytt útlánaáhættu fjármálagernings frá því sem hún var við fyrstu bókfærslu. Við ákvörðun um hvaða upplýsingar megji teljast viðeigandi og rökstyðjanlegar samkvæmt IFRS9 skulu stofnanir taka tillit til þeirra afar óvenjulegu aðstæðna sem uppi eru, sem og væntanlegs eðlis áfallsins (þ.e. hvort gert sé ráð fyrir því að það vari tímabundið eða ekki) og skorts á fáanlegum og áreiðanlegum upplýsingum. Stofnanir skulu meta vandlega að hvaða marki þær vænti þess að hátt óvissustig og skyndilegar breytingar á skammtíma efnahagshorfum gætu haft áhrif yfir væntan líftíma fjármálagerningsins.
- Í slíku ferli er ætlast til að stofnanir geri greinarmun á milli þeirra lántakenda sem ekki verða fyrir verulegum og varanlegum skaða á lánshæfi vegna núverandi aðstæðna og þeirra sem taldir eru ólíklegir til að endurheimta fyrra lánshæfi. Slíkt ferli stuðlar að því að draga úr öfgakenndum áhrifum af færslu milli áhættuþrepa og minnkar líkur á stigmögnun á áhrifum áfallsins.
- Við mat á áhrifum gjaldfærslu vænts útlánataps á rekstrarreikning banka þarf að taka tillit til mótvægisáhrifa lánsveða eða opinberra lánsábyrgða. Sömuleiðis skulu lögbær yfirvöld taka tillit til þessara sérstöku aðstæðna þegar þau heimila stofnunum að taka upp bráðabirgðaákvæði um viðbótar eiginfjárliði vegna áhrifa IFRS9, á grundvelli reglugerðar um varfærniskröfur (CRR).
- EBA hyggst halda áfram þeirri vinnu sem hófst með athugun á IFRS9, sem felst í því að fylgjast með aðferðafræði stofnana við núverandi aðstæður til þess að skilja betur bæði hvaða áhrif IFRS9 hefur á eiginfjárkröfur og hvernig bankar beita dómgreind við mat á útlánaáhættu vegna áhættuskuldbindinga sinna og breytingum á þeirri áhættu.